

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpfögun) á Raufarhöfn.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

- a) Íbúðir.
Sorphirðugjald kr. 5.150 skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu.
- b) Fyrirtæki. kr.
- | | | |
|------------|----------------|---------|
| Flokkur 1: | Sorphirðugjald | 6.180 |
| Flokkur 2: | Sorphirðugjald | 12.360 |
| Flokkur 3: | Sorphirðugjald | 30.900 |
| Flokkur 4: | Sorphirðugjald | 61.800 |
| Flokkur 5: | Sorphirðugjald | 98.800 |
| Flokkur 6: | Sorphirðugjald | 247.200 |

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. með tilliti til magns úrgangs. Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað, greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í staflið b). Gjald dagar fyrir stafliði a) og b) eru þeir sömu og gjalddagar og eindagar fasteignagjalda. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1998.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1999.

1. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpfögunargjald) og skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér greinir:

- a) Hver pokaeyning kr. 7.250 fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.
- b) Á alla lögadila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
	kr.	kr.
1. flokkur	6.000	24.000
2. flokkur	12.000	48.000
3. flokkur	24.000	96.000
4. flokkur	48.000	192.000
5. flokkur	96.000	384.000
6. flokkur	144.000	575.000

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Hveragerðisbær samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi og gilda árið 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

1. gr.

Ábyrgðartrygging sem lögmanni er skylt að hafa samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, skal að lágmarki vera kr. 15.850.000 vegna hvers tryggingartímabils.

Heimilt er að ákveða hámark eigin áhættu váttryggingartaka allt að kr. 5.000.000 vegna einstaks tjónsatburðar.

2. gr.

Lögmaður uppfyllir tryggingarskyldu sína annað hvort með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða með ábyrgðartryggingu banka eða sparisjóðs sem hefur starfsleyfi samkvæmt 4. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, eða erlends banka eða sparisjóðs sem hefur útibú eða starfsstöð hér á landi í samræmi við ákvæði XI. kafla laga nr. 113/1996.

3. gr.

Þegar tveir eða fleiri lögmenn starfa saman með sameiginlega starfsstofu teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu enda sé lögð fyrir Lögmannafélag Íslands yfirlýsing um óskipta bótaábyrgð. Lágmark skal þá hækka um 10% fyrir hvern lögmann umfram einn.